

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur,
Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. og 40. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslýsingar vegna aðal- og deiliskipulagsáætlana auk tillagna deiliskipulagsáætlana.

1. Laugarás – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 og nýs deiliskipulags vegna þéttbýlisins að Laugarási.

2. Bergsstaðir L167202 og L167201 – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027 í landi Bergsstaða. Fyrirhugað er að frístundabyggðin F84 taki breytingum og stækki til norðurs á landi Bergsstaða L167202 en minnki til suðurs á landi Bergsstaða L167201. Landbúnaðarsvæði tekur breytingum samhliða.

3. Selhöfðar í Þjórsárdal – Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags vegna ferðamannasvæðis Sandártungu í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið afmarkast af tjaldsvæði við Sandártungu til suðvesturs, Sandá til norðvesturs, Selhöfðum til norðausturs og Þjórsárdalsvegi til suðausturs.

4. Stekkjartún, Stóru-Mástungu 2 L166604; Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029. Breytingin varðar breytingu á landnotkun aðalskipulags á um 3,8 ha lands austan við núverandi bæjarhús að Stóru Mástungu 2 úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Samhliða aðalskipulagsbreytingu áforma landeigendur að unnið verði að gerð deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæðisins sem um ræðir þar sem gert verður ráð fyrir þremur lóðum fyrir frístundahús.

5. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðarsvæði; Arnarstaðakot og Skálmholt; Skilmálabreyting – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Einnig nær breytingin til tveggja nýrra íbúðarsvæða. Annars vegar í landi

Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar og hins vegar í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreind sem íbúðarsvæði.

6. Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að kynna deiliskipulag sem tekur til skipulags tveggja lóða, Kringlugils 1 og 2, úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og útihús.

7. Úthlíð; Frístundabyggð – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til frístundabyggðar í Úthlíð. Svæðið er nánast fullbyggt og er í gildi deiliskipulag frá árinu 1993. Vegna fjölda breytinga á því skipulagi, breyttum kröfum til skipulags frá því gildandi deiliskipulag var gert og frekari fyrirhugaðra breytinga er áætlað að skipta skipulagssvæðinu í 5 svæði og gera nýjar skipulagstillögur fyrir hvert svæði fyrir sig. Gildandi deiliskipulag mun falla úr gildi að hluta við gildistöku þegar tillaga fyrir hvern áfanga hefur verið samþykkt og í heild þegar öllum áföngunum er lokið. Svæðið er um 430 ha að stærð og liggur vestan Laugarvatnsvegur og er innan jarðanna Úthlíðar I og Úthlíðar II.

8. Hrunamannaafréttur L223267; Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli - Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðarskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar.

9. Ásgarður; Kerlingarfjöll – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í gildi er deiliskipulag, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

10. Breyting á skilmálum fyrir frístundasvæði – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa aðalskipulagsbreytingu sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Tilgangur breytinganna er endurbót á reglum er varðar hámarksbyggingarmagn innan frístundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5.000 - 10.000 fm að stærð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. Hraunhólar L166567; Íbúða- og frístundabyggð; Stækkun svæðis og fjölgun lóða – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til deiliskipulagsbreytingar í landi Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin felur í sér að íbúðarhúsalóðum er fjölgað úr 4 í 10. Fyrri gildandi deiliskipulög fyrir svæðið falla úr gildi við gildistöku þess nýja.

12. Vatnsleysa L167184 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag í landi Vatnsleysu L167184. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir nýju fjósi allt að 2000 fm.

13. Röðull L198895 – Deiliskipulag

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag vegna Röðuls í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>

Mál nr. 1 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember til og með 24. desember 2021.

Mál nr. 10 – 13 innan auglýsingar eru auglýst frá 1. desember 2021 til og með 14. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU